

teina megi á árinu 1949 fresta, eftir því sem tryggingaráð telur nauðsynlegt, og nota skírteini ársins 1947, meðan sú frestun varir; 92

29. des.

10. að bráðabirgðaákvæði 11 skuli vera í gildi til ársloka 1949;
11. að vangreiðslur sjúkrasamlagsiðgjalda á árinu 1949 skuli varða skerðingu eða missi réttinda til sjúkrahjálpar á árinu 1950;
12. að lágmarksiðgjald sjúkrasamlaga, annarra en skólasamlaga, skuli á árinu 1949 vera 5 kr. á mánuði;
13. að sjúkrasamlagsiðgjöld samkv. 45. gr. laga nr. 104 frá 1943 og iðgjöld samkv. 112. og 113. gr. almannatryggingalaganna vegna lögskráðra sjómanna og bifreiðastjóra skuli hvíla sem lögveð á hlutaðeigandi skipum og bifreiðum, er gangi fyrir öllum öðrum veðum en lögveðum fyrir gjöldum til rikissjóðs, og að iðgjöld samkvæmt sömu greinum vegna byggingar húsa og annarra mannvirkja skuli hafa sams konar veðrétt í eignum þessum.

2. gr.

Heildarendurskoðun laganna skal hraða svo, að niðurstöður hennar liggi fyrir næsta reglulega Alþingi, þegar það kemur saman.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi nú þegar. Lög nr. 126 frá 1947 falla úr gildi 31. desember 1948.

Gjört í Reykjavík, 29. desember 1948.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Stefán Jóh. Stefánsson.

L Ö G

93

29. des.

um breyting á lögum nr. 60 1939, um gjald af innlendum tollvörutegundum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta á árinu 1949 með 450% álagi gjald samkvæmt lögum nr. 60 1939, um gjald af innlendum tollvörutegundum, nema af gosdrykkjum samkvæmt 1. tölulið 4. kafla 2. gr. laganna, sem henni heimilast að innheimta með 550% álagi, og öli samkvæmt 3. tölulið sama kafla, sem heimilað er að innheimta með 600% álagi.

Hækkun þessi tekur þó ekki til gjalds af kaffibæti samkvæmt 1. lið 3. kafla laganna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 29. desember 1948.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Jóhann P. Jósefsson.